

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.— 124**

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. f. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að presturinn á Stað í Grunnavík taki 2000 kr. lán handa prestakallinu úr hinum almenna kirkjusjóði, sem endurborgist á 20 árum, til þess að koma upp túngarði á staðnum, gegn því, að tekjur prestakallsins, sjer í lagi hin árléga uppbót, sem því er lögð úr landssjóði, sjeu að veði fyrir afborgunum og vaxtagreiðslu.

2. nóv.

**Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um þóknun til umboðsmanna lögreglustjóra fyrir að rita á skipaskjöi. — 125**

Að gefnu tilefni skal jeg hjer með þjónustusamlega leggja fyrir yður, herra amtmaður, að leiða athygli allra lögreglustjóra í ömtum yðar að því, að með því að aukapóknun sú, sem um ræðir í opnu bjefti 21. desbr. 1836, 9. gr., fyrir að rannsaka og rita á skipaskjöi, er úr gildi numin með 56. gr. í lögum um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, 2. febr. þ. á., og allt afgreiðslugjaldið af kaupskipum á óskert að renna í landssjóðinn, hvort sem það er innheimt af lögreglustjórum sjálfum eða af löggiltum umboðsmönnum þeirra, þá verða lögreglustjórnir sjálfir eptirleidis að greiða úr eigin sjóði þóknun þá, er þeir geta komið sjer saman um við umboðsmenn sína fyrir innheimtuna og athugun skipaskjalanna.

7. nov.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um tilkall Bjarnesprests til hvalreka. — 126**

Eptir að jeg, eins og yður, herra amtmaður, er kunnugt, hefi leitað umsagnar stiptsyfirvaldanna viðvíkjandi erindi því frá umboðsmanni Bjarnessumboðs um tilkall prestsins að Bjarnanesi til hvalreka í Hornafirði í síðastliðnum marzmánuði, er amtið sendi hingað með brjefi, dags. 4. maí þ. á., og þar eptir fengið skýrslu frá hinum umboðslega endurskoðanda viðvíkjandi tilkalli Bjarnessprests til reka kirkjunnar, sem er landssjóðseign, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir umboðsmanni Bjarnessumboðs, að jafnvel þótt álíta mætti sannað, sem ekki er víst, að hinn umrædda hval hafi rekið á reka Bjarneskirkju, en ekki á reka umboðsins, þá get jeg þó ekki samþykkt, að andvirðið sje afhent prestinum, með því að engin sönnun hefur getað fengizt fyrir því, að Bjarnesprestur með rjettu hafi hvalreka kirkjunnar að ljeni. Þvert á móti bendir rentukammerbrjef 26. marz 1842 D. á það, að svo sje ekki, þar sem þess er getið, að presturinn í Bjarnanesi hafi *viðarreka* kirkjunnar, og hann þó að eins með því skilyrði, að hann haldi kirkjunni við, og sama kemur fram í rentukammerbrjefi 28. sept. 1843, en því skilyrði hafa prestarnir ekki fullnægt.

7. nóv.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir umboðsmanninn að greiða andvirði hvalsins í landssjóð, sem aðrar umboðstekjur.

6. dag desembermán. 1894.